

Raforkumálastjóri
Vatnamælingar

Skilagrein 229

VÖTN Í KOLLAFIRÐI

18. jan. 1962
S. Rist

Vötn Kollafjarðar

Hinn 22. marz '60 mældu vatnamælingar Hvítá í Kollafirði að tilhlutan veiðimálastjóra. Þann dag voru 212 l/s í ánni. Áin er lindá, Byggð var mælistífa í ána. Síðar var einnig byggð mælistífla í Kollafjarðará. Skrifstofa veiðimálastjóra annaðist álestra á mælistíflurnar.

Veiðimálastjóri hefur óskað eftir frekari rannsókn á vötnum, sem falla til sjávar fyrir botni Kollafjarðar. Hinn 18. jan. '62 var rennslið mælt. Frost var og svo hafði verið undanfarið. Hér er því um lágt rennsli að ræða. Mælingar gerðu S. Rist og Þ. Sigfússon.

Vatnsfall	Einkenni	Vatnasvið km ²	Rennsli 18.1.'62 l/s	1/s km ² 18.1.'62
Mógilsá	dragá	3,4	85	25
Bæjarlækur	dragá+lindá	1,0	18	58
Grundarlækur	dragá+lindá		40	
Hvítá, mælist.	lindá		80	
Hvítá við Þjóðv.	lindá	1,7	180	147
All úr Hvítá í Kollafj.	lindá		70	
Kollafjarðará, göngubrú	dragá	7,1	270	28
Jarðfallalækur	dragá		10	
Alls í Kollafjarðarbotn		13,2	593	45

Athuga ber, að állinn úr Hvítá er dreginn frá vatni Kollafjarðarar, áður en afrennslið í l/s km² er reiknað út fyrir Kollafjarðarós. Eins og áður segir, var mælingin gerð í frostakafla, svo rennslið var lágt. Það mun þó verða lægra, en niður fyrir 350 l/s mun það þó ekki fara.

Mæla þarf vatnsföllin öll á mælistífluna í nokkurn tíma, áður en hægt er að segja hvert meðalrennslið er. Út frá þeim upplýsingum, sem nú eru fyrir hendi, má telja líklegt að meðalrennslið sé einhvers staðar á bilinu 1400 til 2000 l/s.

Stærstu flóð orsaka SV stórrigningar samfara ofsa snjóleysingu í fjallinu og er þá líklegt, að afrennslið af svæðum draganna sé um 2000 l/s af km² vatnasviðsins.

Reykjavík, 19. jan. 1962